

# RÍKISSAKSÓKNARI

VS/

Reykjavík 14. maí 2009.

## **Efni: Staða embættis ríkissaksóknara.**

Tilgangur með bréfi þessu er að gera forsætisráðherra og ríkisstjórn grein fyrir stöðu embættis ríkissaksóknara sem er að mati ríkissaksóknara ekki viðunandi og leggja jafnframt til raunhæfar leiðir til úrbóta.

Ríkissaksóknari er lögum samkvæmt æðsti handhafi ákærvaldsins. Hlutverk hans er almennt að sjá til þess að þeir sem afbrot fremja verði beittir lögmaeltum viðurlögum. Ríkissaksóknari höfðar öll stærri sakamál á landinu öllu og flytur mál fyrir Hæstarétti. Hann gefur út almennar reglur og fyrirmæli um meðferð ákærvalds sem öðrum ákærendum er skylt að hlíta auk ýmissa tímafrekra og mikilvægra verkefna á sviði eftirlits og samræmingar. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að staða embættis ríkissaksóknara sé styrk.

Á undanförunum 2-3 árum hafa verkefni embættisins meira en tvöfaldast en fjöldi starfsmanna nánast staðið í stað. Allur aðbúnaður að embættinu er á mörkum þess að teljast boðlegur starfsfólki vegna þrengsla. Á embættinu er enginn fundarsalur, bókasafn er á göngum og geymsluaðstaða skjala alls óviðunandi og er þá vægt til orða tekið. Nýlega var fataskápur starfsfólks rifinn til að koma fyrir skjalaskápum. Ábendingum bæði fyrrverandi ríkissaksóknara sem og núverandi um þörf fyrir viðbótarhúsnæði hefur í engu verið sinnt. Þá hefur dómismálaráðuneytinu bréflaga og munnlega verið gerð grein fyrir slæmri fjárhagsstöðu embættisins en engar af hógværum fjárlagatillögum embættisins hafa verið teknar til greina undanfarin ár. Flatur niðurskurður á rekstraráætlun fyrir árið 2009 kom því illa niður á embættinu enda engin óunnin yfirvinna eða önnur yfirvinna til að mæta honum. Að mati ríkissaksóknara verður ekki lengur við svo búið eigi embættið að standa undir nafni.

Ríkissaksóknari hefur metnað og löngun til að byggja upp ákærvald sem er heilsteyp, þar sem unnið er skilvirkt að sömu markmiðum, vinnubrögð eru samræmd og verklagsreglur skýrar. Áfram eins og hingað til verður að leggja mikla áherslu á að halda uppi faglegum gæðum í öllum málaflokkum og að ákærvaldið geti tekist á við flókin og skipulögð afbrot. Ríkissaksóknari vill geta sinnt markvissri fræðslu, endurmenntun ákæranda og að embættið geti fylgt eftir fyrirmælum með eftirliti.

Þess má geta að þjálfun nýrra ákæranda og endurmenntun er ekki unnt að sinna í dag en sá þáttur er til að mynda veigamikill hjá embættum ríkissaksóknara á Norðurlöndunum.

Að mati ríkissaksóknara mun réttaröryggi borgaranna styrkjast með skilvirku, menntuðu og heilsteypu ákærvaldi. Unnt er að ná þessum markmiðum með litlum tilkostnaði svo og með því að veita málaflokknum pólitískt bakland um leið og gætt er krafna um sjálfstæði og hlutleysi ríkissaksóknara.

Því ber vissulega að fagna að á undanförunum árum hefur verið lagt til fjármagn til að koma á fót efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra svo og nýlega til stofnunar embættis sérstaks saksóknara. Til að nýta það fjármagn sem best svo og starfskrafta blasir við að sameina þarf þessar stofnanir í náinni framtíð. Hvað svo sem því líður er ljóst að ríkissaksóknari, sem æðsti handhafi ákærvalds í landinu, ber faglega og lagalega ábyrgð á rekstri mála hjá þessum embættum. Embætti ríkissaksóknara verður því að vera í stakk búið til að takast á við það verk.

Ríkissaksóknari er meðvitaður um stöðu fjármála ríkissjóðs og kröfu um aðhald í ríkisrekstri. Til að leggja sitt af mörkum í því efni er bent á bréf til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 10. febrúar sl., þar sem lagt er til að hætt verði við stofnun embættis héraðssaksóknara sem á að taka til starfa 1. janúar 2010 en efla í þess stað embætti ríkissaksóknara. Er þar rökstutt að ná megi sömu markmiðum og árangri og stefnt var að með stofnun þess embættis, þ. e. að sporna gegn glæpum með því að efla ákærvaldið, styrkja sjálfstæði þess og auka um leið réttaröryggi borgaranna, með mun lægri tilkostnaði. Er þá verið að ræða um 25-30 milljónir króna vegna fjölgunar starfsfólks og viðbótarhúsnæði í stað rúmlega 70 milljóna króna útgjalda á ári við stofnun embættis héraðssaksóknara. Í grundvallaratriðum ganga hugmyndirnar út á að styrkja ákærvaldið þar með hjá lögreglu og að færa fleiri málaflokka en nú er til hennar. Verkefni ríkissaksóknara yrðu að mestu þau sömu en með þessu móti yrði svigrúm til þess að vinna að því sem hér að framan var rakið. Vísað er til meðfylgjandi bréfs þar sem farið er nánar yfir rök fyrir hugmyndinni. Að mati ríkissaksóknara er það beinlínis óraunhæft að stofna embætti héraðssaksóknara nú eftir hrun efnahagslífsins þegar aðrar leiðir og ódýrari eru tiltækar. Þá telur ríkissaksóknari ekki ásættanlegt að fresta enn og aftur gildistöku ákvæða laga um stofnun héraðssaksóknara.

Staða embættis ríkissaksóknara hér á landi er gjörólík því sem er á hinum Norðurlöndunum. Ef gerður er samanburður við Noreg og Danmörku fá embættin í þeim löndum nauðsynlegt fjármagn til að geta sinnt sínum verkefnum. Mestu máli skiptir hins vegar sá pólitíski styrkur sem embættin hafa frá þjóðþingi, ríkisstjórn og dómsmálaráðherra. Ríkisstjórnin hefur í báðum þessum löndum virka refsipólitíska stefnu og lætur sig varða hlutverk ákærvaldsins og áherslur. Í Noregi gerir ríkisstjórnin kröfu um ákveðinn málshraða og tekur afstöðu til þess hvaða málaflokka eigi að setja í forgang. Árlega er fundað með ríkissaksóknara og gengið úr skugga um að markmið hafi náðst auk þess sem ríkissaksóknari fundar reglulega með dómsmálaráðherra um þessi atriði. Í Danmörku er þessu svipað farið.

Hér á landi nýtur ríkissaksóknari ekki slíks baklands við að styrkja ákærvaldið, forgangsraða málum og tilraunum til að halda uppi málshraða. Bent er á meðfylgjandi bréf til lögreglustjóra þar sem stuttlega er farið yfir þessi mál, reglur um lágmarkstíma málsmeðferðar og samanburð við málshraða í Danmörku. Að mati ríkissaksóknara þarf að verða breyting á þessu í átt við það sem er á hinum Norðurlöndunum. Skref í þá átt væri að fallast á tillögur til aukinnar fjárveitingar til ríkissaksóknara í stað stofnunar embættis héraðssaksóknara, auk þess sem efla yrðu samskipti milli stjórnvalda og Alþingis annars vegar og ríkissaksóknara hins vegar.

Ríkissaksóknari beinir bréfi þessu til forsætisráðherra í þeim tilgangi að vekja athygli á stöðu mála. Jafnframt er óskað eftir fundi til að gera nánari grein fyrir málinu og eftir atvikum svara fyrirspurnum.

Fylgigögn:

*Bréf til dómsmálaráðuneytisins, dagsett 10. febrúar 2009.*

*Fundur með ríkissaksóknara Noregs 14. apríl 2008.*

*Bréf til lögreglustjóra 27. mars 2009 ásamt reglum um hámarkstíma málsmeðferðar.*

Valtýr Sigurðsson

Forsætisráðherra

Jóhanna Sigurðardóttir